# Framkvæmdaáætlun Slökkviliðs Dalabyggðar 2022-2026.

## Húsnæði

Hefja skoðun og samtal varðandi endurnýjun húsnæðis fyrir neyðarþjónustu aðila. Huga þarf að mögulegri björgunarmiðstöð.

Bæta þarf aðstöðu í núverandi húsnæði ásamt sinna almennu viðhaldi.

## Menntun og þjálfun

- Endurmenntun slökkviliðsmanna á 6 ára fresti
- Þjálfun, almennt slökkvistarf 20 klst. fyrir hvern slökkviliðsmann á ári.
- Þjálfun, reykköfun fyrir hvern reykkafara á ári.
- Reykkafarar fara árlega í læknisskoðun og þrekpróf.
- Stefnt er að fjölgun um tvo í liðinu.
- 8 slökkviliðsmenn fái menntun vegna hættulegra efna.
- 10 slökkviliðsmenn fái menntun og þjálfun til reykköfunarréttinda.
- 1 slökkviliðsmenn fái menntun til eldvarnaeftirlits
- 8 slökkviliðsmenn fái menntun vegna björgunar úr fastklemmdri aðstöðu.

## Búnaður

- Regluleg endurnýjun á núverandi búnaði.
- Bæta við búnað vegna vatnsöflunar í dreifbýli og vegna gróðurelda.
- Bæta við búnað vegna björgunar úr fastklemmdri aðstöðu.
- Bæta við búnað vegna mengunarslysa.
- Bæta við búnað vegna fyrstu hjálpar.

## Bifreiðar

Tankbifreið slökkviliðsins er yfir 30 ára og kominn tími á endurnýjun. Bíllinn nýtist bæði til vatnsöflunar þar sem langt er í vatnsból en einnig sem dælubíll og þarf nýr bíll að taka við því hlutverki. Núverandi húsnæði takmarkar stærð þeirra bíla sem yrðu fyrir valinu. Bæta þarf geymslupláss í tankbifreið fyrir aukabúnað, slöngur, dælu, og fl.

## Eldvarnaeftirlit

Betrumbætur í þeim áhættum sem falla utan getu liðins. Kröfur um verulegar úrbætur ásamt fjölgun í liðinu. Virkt eigið eftirlit. Aukin áhersla á eldvarnareftirlit og fræðslu.

## Samningar.

Gera samninga við SHS um aðstoð vegna mengunarslysa. Gera þjónustu- og samstarfssamninga við nágranna slökkvilið og sveitarfélög þar sem á vantar. Einnig við Vegagerðina, aðra þjónustuaðila, fyrirtæki og verktaka vegna þjónustu.

## Sameining sveitarfélaga.

Reiknað er með því að sveitarfélagið sameinist öðru á gildistíma áætlunarinnar. Fara þarf þá strax í að endurnýja hana í breyttu umhverfi.

# Viðhald, afskriftir og úrelding búnaðar og húsnæðis.

## Húsnæði

Bæta vinnu- og þrif aðstöðu vegna skoðunar og viðhalds á búnaði á samt geymsluaðstöðu. Viðhald á gluggum og hurðum. Bæta leiðar- og neyðarlýsingu, inni og úti. Bæta aðstöðu við loftpressu ásamt því aðkoma fyrir viðurkenndu loftinntaksröri.

## Viðhald menntunar og þjálfunar

Áframhaldandi menntun nýliða samkvæmt námskrá Brunamálaskólans með áherslu á verklega kennslu.

- Endurmenntun samkvæmt viðmiði Brunamálaskólans.
- 25 klst. Þjálfun reykkafara á ári ásamt árlegri læknisskoðun og þrekprófi.
- 20 klst almenn þjálfun á ári fyrir slökkviliðsmann.

## Viðhald og endurnýjun búnaðar.

Afskriftaregla Slökkviliðs Dalabyggðar miðar við leiðbeiningar HMS um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða. Miðað er við að eignir afskrifist um 35%, Slökkvibílar og lausar dælur á 20 árum. Annar búnaður afskrifast á 10 árum.

Hlífðarfatnaður skal endurnýjast á 10 ára fresti eða samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

Reykköfunarbúnaður skal skoðast á 2 ára fresti á viðurkenndri þjónustustöð. Reykköfunartæki þarf að endurnýja á um 10 ára fresti. Loftpressa fyrir öndunarloft er skoðuð og þjónustuð árlega.

Loftkúta þarf að þrýstiprófa á 5 ára fresti hjá viðurkenndum aðila. Loftkúta þarf að endurnýja á um 10 ára fresti eða samkvæmt framleiðanda.

Slöngur, stútar og tengisstykki þarf að endurnýja á um 10 ára fresti. Gera skal ráð fyrir reglulegri endurnýjun búnaðar á hverju ári til þess að tryggja að lámarks búnaður sé ekki eldri en 10 ára. Eldri búnaður sem stenst reglulegar prófanir nýtist sem auka búnaður á stöð. Með því að kaupa inn tvær slöngur af hverri stærð á ári næst að viðhalda endurnýjun á öllum slögum á tíu árum.

## Framkvæmdaáætlanir

samningar / búnaður / menntun

Á árinu 2022

- Samningagerð við samstarfsaðila.
- Undirbúningur að byggingu björgunarmiðstöðvar, samtal við viðbragðsaðila í Dalabyggð.
- Endurnýjun hlífðarfatnaðar (tveir gallar + hjálmar).
- Endurnýjun á reykköfunartæki (eitt annað hvert ár)
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við.
- Kaup á 10-15.000 lítra vatnsþró.
- Eftirlit með búnaði samkvæmt skipulagi.
- Endurnýjun á Tetra handstöðvum, ein á ári.
- Kaupa hlífðarfatnað vegna hættulegra efna.
- Leitað að og fest kaup á kerru fyrir mengunarvarnabúnað.
- Kaupa mengunarvarnabúnað, (lekastopp, strappa, púða, og auka við uppsogsefni).
- Þjálfun 8-10 vegna reykköfunarréttinda.
- Mennta 4-6 vegna hættulegra efna.
- Leitað að og fest kaup á tækja- og mannskapsbíl.

Á árinu 2023

- Leitað að og fest kaup á þjónustu- og stjórnendabíl.
- Undirbúningur að byggingu björgunarmiðstöðvar.
- Endurnýjun á hlífðarfatnaði (tveir gallar + hjálmar).
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við.
- Viðhald og endur á fjarskiptabúnaði liðsins. Kaup á viðbótar búnaði fyrir fjarskipti.
- Endurnýjun á Tetra handstöðvum, ein á ári.

- Kaup og uppsetning á Tetra bílstöð fyrir fyrsta bíl.
- Lausabúnaði viðhaldið.
- Mennta 2 vegna hættulegra efna.
- Viðhalda menntun / endurmenntun liðsmanna / æfingar.

Á árinu 2024

- Endurnýjun á hlífðarfatnaði (tveir gallar + hjálmar).
- Endurnýjun á reykköfunartæki (eitt annað hvert ár)
- Endurnýjun á Tetra handstöðvum, ein á ári.
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við.
- Viðhald á fjarskiptabúnaði liðsins.
- Lausabúnaði viðhaldið.
- Mennta 2 vegna reykköfunarréttinda.
- Viðhalda menntun / endurmenntun liðsmanna / æfingar.
- Mennta 2 vegna björgunar úr fastklemmdri aðstöðu.

Á árinu 2025

- Endurnýjun á hlífðarfatnaði (tveir gallar + hjálmar).
- Endurnýjun á Tetra handstöðvum, ein á ári.
- Viðhald á fjarskiptabúnaði liðsins.
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við.
- Lausabúnaði viðhaldið.
- Viðhalda menntun / endurmenntun liðsmanna / æfingar.
- Mennta 2 vegna hættulegra efna.
- Mennta 2 vegna björgunar úr fastklemmdri aðstöðu.

Á árinu 2026

- Endurnýjun á hlífðarfatnaði (tveir gallar + hjálmar).
- Viðhaldið eldri slöngulögnum og bætt við.
- Viðhald á fjarskiptabúnaði liðsins.
- Lausabúnaði viðhaldið.
- Viðhalda menntun / endurmenntun liðsmanna / æfingar.
- Mennta 2 vegna hættulegra efna.
- Ný slökkvistöð komin í byggingu eða tekin í notkun .

| Verkþáttur | Undirverkþáttur | Verkefni | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Starfsmenn** | | | | | | | |
| | Fjölgun í liði | | 2 | | 2 | | 2 |
| **Menntun og þjálfun** | | | | | | | |
| | **Námskeið** | | | | | | |
| | Menntun vegna | slökkvistarfa utanhúss (N1) | 2 | | 2 | | 2 |
| | | slökkvistarfa innanhúss (N2) | 2 | | 2 | | 2 |
| | | björgun fastklemmdra | 5 | 2 | | 2 | |
| | | hættulegra efna | | 8 | | | 2 |
| | | | | | | | |
| | **Æfing og þjálfun** | | | | | | |
| | Æfingar | Almenn verkefni (allir) | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| | Æfingar | Reykköfun (8) | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| | Líkamlegt ástand | Læknisskoðun almenn | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| | Árleg skoðun | Læknisskoðun Reykkafarar | 8 | 8 | 8 | 8 | 8 |
| | Árleg skoðun | Þol og styrkur Reykkafarar | 8 | 8 | 8 | 8 | 8 |
| | | | | | | | |
| **Búnaður** | | | | | | | |
| | **Slökkvibílar** | Tankbíll endurnýjaður | | | | | 1 |
| | Endurbætur á búnaði bíla | Innréttingar og skápar | X | X | X | X | X |
| | | Dekkjaskypti (fjöldi dekkja) | 4 | | 2 | 4 | |
| | | | | | | | |
| | Persónubúnaður slökkviliðsmanna | | | | | | |
| | | Heildar endurnýjun | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| | | Gallar v. Hættulegra efna | 2 | 2 | | | |
| | | | | | | | |
| | Fjarskiptabúnaður | | | | | | |
| | | Endurnýjun Tetra stöðva | 1 | | 1 | 1 | |
| | | Viðbótarbúnaður fyrir stöðvar | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| | | Tetra bíl-stöð | | 1 | | | |
| | | Endurnýjun VHF Reykkafara | | | | | 5 |
| | | | | | | | |
| | Slökkvibúnaður | | | | | | |
| | Endurnýjun á slöngum | Slöngur 45 mm | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| | | Slöngur 64 mm | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| | | Slöngur 75 mm | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| | | Slöngur 102 mm | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| | Stútar | Lítill | | 1 | 1 | 1 | 1 |
| | | Stórir | | 1 | | 1 | |
| | Laus slökkvidæla | 1000 til 1500 L/min | | 1 | | | |
| | | Söfnunarlaug 10- 15.000 L | 1 | | 1 | | |
| | **Björgunarbúnaður** | **Endurnýjun búnaðar** | | | | | |
| | | Loftpúðar (lifti púðar) | | 2 | | | |
| | | Annar búnaður/viðbætur | | | | | |
| | **Reykköfunartæki** | **Endurnýjun búnaðar** | | | | | |
| | | Reykköfunartæki og maskar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| | | Loftkútar | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| | | **Skoðun og eftirlit** | | | | | |
| | | Loftdæla | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| | | Reykköfunartæki og maskar | | 8 | | 8 | |
| | | Loftkútar 5 ára fresti | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |